



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [guðrunm@mvv.is](mailto:guðrunm@mvv.is)

## **Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.**

### **6. fundur.**

Haldinn að Hlíðavegi 6, 16. maí 2011, kl: 9:00.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Birgir Steingrímsson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá:**

- 1. Fundarsetning.**  
Formaður setti fund.
- 2. Drög að samþykktum um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Skútustaðahreppi, var frestað á síðasta fundi.**  
Nefndin hefur farið yfir drögin og vísar þeim til sveitarstjórnar til yfirferðar og samþykktar.
- 3. Erindisbréf, var frestað á síðasta fundi.**  
Samþykkt.
- 4. Erindi frá Jóhanni Gestssyni, umsókn um tengingu hitaveitu í Álftagerði.**  
Fyrir fundinum liggur erindi frá Jóhanni Gestssyni þar sem að hann óskar eftir tengingu og nýrri hitaveituheimtaug fyrir tilvonandi hús að Álftagerði 4. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að orðið verði við erindinu.
- 5. Erindi frá Jóni Inga og Sólveigu Erlu Hinriksbörnum, ósk um breytingu á aðalskipulagi.**  
Fyrir fundinum liggur erindi frá Jóni Inga og Sólveigu Erlu Hinriksbörnum þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi í landi Voga 3, í nágrenni við Stekkholt. Þess er óskað að bætt verði við tveimur íbúðahúsalóðum og einni iðnaðarlóð skv. m.f. mynd.  
Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að verða við erindinu.
- 6. Önnur mál.**

Ýmislegt rætt m.a. ástand rotþróa og losun á þeim. Fyrirhuguðum kynningarfundum um sorpflokkun og förgun verði frestað til haustsins. Þá er lagt til að Karl Emil og Pétur ásamt Jóni Óskari fari yfir máefni veitna, með tilliti til viðhalds og endurbóta.

Skipulags- og unhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að fundinn verði framtíðarlausn á gámasvæðum sveitarfélagsins. Gera þurfi lagfæringar og endurbætur og sem best hægt að áfangaskipta þeim framkvæmdum.

Á síðasta fund nefndarinnar (númer 5) mætti Ólafur H Jónsson og kynnti hugmyndir sínar að virkjunarframkvæmdum vestan Jarðbaðshóla. Ólafi var tjáð að ekki væri pólitískur vilji fyrir því að færa iðnaðarsvæðin í Bjarnarflagi vestur fyrir Jarðbaðshóla að svo komnu máli og því yrði ekki tekið tillit til hugmynda hans í yfirstandandi aðalskipulagsgerð. Þetta láðist að bóka á fundinum og er beðist velvirðingar á því.

Fleira ekki gert, fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Birgir Steingrímsson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Pétur Snæbjörnsson,  
Eyrún Björnsdóttir.